

Aðalfundur Foreldrafélags Dalvíkurskóla 9. október 2024

Kl. 17:00 - 18.30

Mætt úr stjórn:

Ingimar Guðmundsson

Jolanta Brant

Kristín Heiða

Jóhanna Sólveig

Ein úr stjórn afboðaði

Met mæting foreldra var á fundinn.

1. Fræðsla frá Aðalheiði Sigurðardóttur, tilfinningaráðgjafi og stofnandi Ég er Unik. Virkilega fræðandi erindi um tilfinningaviðbrögð. Stóð í um 60 mínútur. Ánægjan var slík að strax eru komin drög að fá Aðalheiði aftur með fræðslu og þá jafnvel eftir áramót.

2. Ingimar tók til máls sem fráfarandi formaður, Friðjón Árni Sigurvinsson tekur við af honum.

3. Kristín Heiða las upp skýrslu síðasta árs sem innihélt hvað hefði verið keypt og hvað lægi fyrir að kaupa. Hugmyndir að kaupum eru Spiro boltar sem nýttast í forritun, heyrnatól sem tengja má við tölvur skólans sem og stærri hlutir eins og Leiserskera og/eða þrívíddarprentara. Þá var farið yfir stöðu reiknings sem er 829.070kr

4. Samþykkt með meirihluta að hækka gjaldið úr 2000kr í 2500kr fyrir skólaárið. Gjaldið kemur sem valfrjáls greiðsla í heimabanka sem rennur út í samhliða skólaslitum. Almennt hefur gjaldið verið vel greitt ca. 80% frá því að rúkkunin fór í heimabanka.

5. Þá bentu foreldrar á að auglýsa hefði mátt fundinn með meiri fyrirvara en það varð einhver misskilningur með auglýsingu fundar.

6. 16.okt kemur Heimili og skóli og kynnir farsældarsáttmálann. 17:00-18:30

Ný stjórn var mynduð:

Friðjón Árni Sigurvinsson

Ragnhildur Von Weissappel

Anna Barbara Florczak

Nimnual Khakhlung

Kristín Heiða